

FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Fimmtudagur 21. september 2017 | 33. töl. 15. árg. | Upplag 10.500 eintök. | Dreift fritt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur



Palace
Chinese Cuisine
sími 5556999
Reykjavíkurvegi 68



Vantar allar
gerðir eigna
á söluskrá!

Hafið
samband
við
sölumenn
okkar.

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

Súrdeigsbrauðin okkar eru alvöru

- ◆ Heilkorna
- ◆ 100% spelt
- ◆ Sykurlaus
- ◆ Gerlaus
- ◆ Oliulaus

Jón Arnlús
KÖKULIST



Kökulist, verslunarmiðstöðinni Firði

Litla Gæludýrabúðin
Strandgötu 32 - Hafnarfirði - S: 517 8666



Vildu hafna byggingaráformum

Minnihlutinn telur byggingaráform við Fornubúðir ekki í lagi

Minnihluti í skipulags- og byggingarráði vildi hafna tillögu að nýbyggingum að Fornubúðum 5 og láta gera tillögur sem taka mið af fyrirbyggjandi skipulagslýsingu sem kveður á um lágreistar byggingar sem falli vel að aðbyggjandi byggð. Ráðið samþykkti hins vegar tillöguna.

Aftur á móti styðji minnihlutinn komu Hafrannsóknarstofnunar í bæinn en vill vita raunverulegar þarfir stofnunarinnar. Benda þeir líka á að enn er eftir að fara í opna

hugmyndasamkeppni um hefur komið fram eru byggingaráformin um þreföld þörf borgarhafnar. Eins og áður Hafrannsóknarstofnunar.



Samþykkt útlit af 1. áfanga, um 1/3 af byggingarmagninu.

Bílaverkstæði Högna



Allar almennar
bíla viðgerðir

Hjólástillingar

Trönuhrauni 2

(Hjallahraunsmegin)

sími 555 2622

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is

Rat leikur
Hafnarfjarðar
Skilafrestur
25. september
í Ráðhús Hafnarfjarðar

Skoðaðu úrvalið á www.as.is

Glitvellir 5



Vel skipulagt 238,2 m² einbýlishús í Funkis stíl á einni hæð með bílskúr.

Verð: Tilboð.

Suðurhvammur 4



Glæsilegt 267,4 m² einbýli m/aukaíbúð og innbyggðum bílskúr.

Frábær staðsetning.

Verð 83,9 millj. kr.

Fagrihvammur 11



294,9 m² einbýlishús með möguleika á tveimur aukaíbúðum.

Glæsilegt útsýni.

Verð 93,5 millj. kr.

AS
FASTEIGNASALA

Stofnuð 1988



Fjarðargötu 17 | sími 520 2600 | www.as.is

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarkúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, Auglýsingar: 565 3066,
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Íslandsþóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarkúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 24. september

Messa kl. 11 og sunnudagaskóli

6-9 ára, TTT og unglingastarf
á mánudögum



www.astjarnarkirkja.is



leiðarinn

Íslensk stjórnsmál hafa lengi einkennst af því að enginn tekur ábyrgð. Ófugt við það sem við sjáum t.d. á Norðurlöndunum þá sitja þingmenn og ráðherrar sem fastast þó þeir hafi sýnt dómgreindarleysi og jafnvel brotið af sér. Nú brást heil ríkisstjórn því enginn vildi taka ábyrgðina.

Ráðuneyti hafa fjallað um umsóknir um uppreist æru og afgreitt á mjög óábyrgan hátt ef marka má þær upplýsingar sem komið hafa fram þegar ráðuneyti var neytt til að upplýsa almenning. Kannski er ástæða til að yfirfara miklu fleiri verkferla í ráðuneytum og lagfæra ef ástæður eru til. Alþingi ber svo ábyrgð á að lagaumhverfið sé í takt við stjórnarskrá og vilja þjóðarinnar.

Ráðherra ber ábyrgð á sínu ráðuneyti og það er ekki hægt að fela sig á bak við það að svona hafi þetta alltaf verið gert. Ráðherra gerir tillögu til forseta Íslands sem heldur ekki getur falið sig á bak við það að hann hafi falið ráðherrum vald sitt. Forseti hefur sjálfstæðar hendur og er ekki skrifari ráðherra. Honum ber líka að rýna það sem hann skrifar undir.

Það virðist vera landlægt að fólk sem kosið er í stjórnir frii sig allri ábyrgð, halli sér aftur og sötri sitt kaffi. Enn er í fersku minni stjórn hjúkrunarheimilisins Skjóls sem svaf þymirósarsvefni á meðan fjárhagur heimilisins hrundi. Þau eru líka til dæmin þar sem stjórnir íþróttafélaga skuldsætja sitt félag svo án þess að bera neina ábyrgð en samfélagið þarf svo að borga brúsann. Við þurfum að læra að þegar við erum kosin til ábyrgðarstarfa þá fylgir þeim störfum ábyrgð og þá ábyrgð þurfum við að axla. Þetta á við setu í stjórn félaga, setu í bæjarstjórn og setu á alþingi og í ráðherra-stólum.

En ábyrgðarleysi felldi ríkisstjórnina og þar sem núverandi stjórnmalaflokkar treystu sér ekki til að bera ábyrgð þarf að kjósa á ný. Munu þeir sem í framboði verða lofa að bera ábyrgð?

Guðni Gíslason ritstjóri.

Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613

gudni@fjardarfrettir.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahrauni 5a, Hafnarfirði

Vaktsímar: 565 5892 & 896 8242 • www.utfararstofa.is • Allan sólarhringinn



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Fríkirkjan
í Hafnarfirði

Sunnudagur 24. september:

Sunnudagaskólinn kl. 11

Kvöldvaka kl. 20

Gestur okkar er David Anthony

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook



Sunnudagur 24. september

**Sunnudagaskóli
og messa kl. 11**

Kvenfélagskonur taka þátt og kynna starf sitt

Mánudagur 25. september

**Markþjálfun kl. 19-21
fyrir 16-19 ára**

Skráning á erla@erlabjorg.com
Þátttakendum að kostnaðarlausu

Þriðjudagur 26. september

Orgeltónleikar kl. 12.15

Miðvikudagur 27. september

Morgunmessa kl. 8.15

Léttur morgunverður á eftir.

Fimmtudagur 28. september

TTT, Tíu Til Tólf ára starf

Í Vonarhöfn.

Barna-og unglingakórar
á mánudögum og fimmtudögum.

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja



Víðistaðakirkja

Sunnudaginn 24. september

Messa kl. 11

Kór Víðistaðasóknar syngur
undir stjórn Helgu Þórdísar organista.

Prestur: Sr. Hulda Hrönn Helgadóttir

Sunnudagaskólinn kl. 11

Fjölbreytt dagskrá fyrir börn á öllum aldri.

Umsjón: María og Bryndís.

Hressing í safnaðarsalnum eftir guðspjónustur.

www.vidistadakirkja.is

Tekið til

Þessir einstaklingar eru meðal margra sem taka þátt í hreinsunaráttaki bæjarins í sumar og hjá þeim er það fjáröflun fyrir keppnisferð með FH.



Ljóm: Guðni Gíslason

Ljóm: Guðni Gíslason

Kæru félagsmenn Tökum vel í kjarakönnun Hlífar

Þátttakendur lenda strax í happdrættispotti



Öflug hafnfirsk fyrirtæki á sýningu

Sjávarútvegssýningin var haldin í síðustu viku og þar mátti finna fjölmörg hafnfirsk fyrirtæki

Það fer ekki alltaf mikið fyrir þeim öflugum fyrirtækjum í Hafnarfirði sem þjónusta sjávarútveginn en þau skipta tugum. Fjöldmörg þeirra kynntu vörur

sínar og þjónustu á Sjávarútvegs-sýningunni sem haldin var í Kópavogi í síðustu viku. Fjarðarfréttir kíktu við og

smelti mynd af nokkrum þeirra en alls voru um 15 hafnfirsk fyrirtæki á sýningunni.



Saltkaup var áberandi með sínar vörur.



Naust marine er öflugt fyrirtæki sem sérhæfir sig í stýringum.



Óli Ársæls og Örn Magnússon framkvæmdastjóri Ásafis.



Ísfall er eitt af stóru fyrirtækjunum á sviði veiðarfæragerða.



Pétur Th. hjá Markus Lifnet.

Apótekið flutt



Nú þegar Þjóðminjasafnið hefur yfirtekið allt húsnæðið að Tjarnarvöllum 11 undir forvörslu og geymslu hefur Apótek Hafnarfjarðar flust innar á Velli, að Selhelli 13.



KVÖLDSTUND MEÐ LOGA í Samfylkingarhúsinu á Strandgötu



Samfylkingarfélagið í Hafnarfirði boðar til félagsfundar næstkomandi mánudag 25. september kl. 20.00

Logi Már Einarsson mun ræða stöðuna sem upp er komin í íslenskum stjórnmálum og ræða skrefin framundan fram að kosningum

Allir velkomnir

Logi Már Einarsson



Handboltinn fer vel af stað

Karlalið FH og Hauka keppa innbyrðis á mánudag

Deildarmeistarar FH rótbustuðu Fram í sínum fyrsta leik í Íslandsmótinu í handknattleik karla 43-26 og unnu svo Aftureldingu á sunnudag í háspennuleik í Kaplakrika 32-30.

Haukar hafa líka unnið báða sína leiki, unnu ÍR 21-19 og svo ÍBV 29-23 í mjög kaflaskiptum leik á Ásvöllum.

Haukar og FH mætast svo á Ásvöllum á mánudaginn kl. 20 og verður örugglega hart barist.

Kvennalið Hauka sem leikur í úrvalsdeildinni tapaði sínum fyrsta leik gegn Val, 24-25 og lék svo við Gróttu á útivelli á þriðjudag og sigraði 23-20 í gríðarlega spennandi leik.

Kvennalið FH leikur í 1. deildinni og vann Fylki í sínum fyrsta leik á útivelli 17-16 og mætir Fram U á laugardaginn.



Daniel Þór Ingason er markahæstur Hauka með 11 mörk eftir tvo leiki



Ásbjörn Friðriksson hefur gert 18 mörk fyrir FH í tveimur leikjum.

234 hlupu Flensborgarhlaup

Ingvar Hjartarson fyrstur í 10 km hlaupi

Allt tóku 155 þátt í 5 km hlaupi og 79 í 10 km hlaupi í Flensborgarhlaupinu sem haldið var á þriðjudaginn. Hlaupið var frá Flensborgarskóla og inn á Kaldárselsveg og til baka. Ingvar

Hjartarson Fjölmi var fyrstur í 10 km hlaupi á 36:03 mín. og Arnar Pétursson var fyrstur í 5 km hlaupi á 16:56 mín. Sjá nánar á www.fjardarfrettir.is



Hlaupið var í fallegu veðri og náttúran skartaði haustlitunum.

Vegagerðin setur vegrið



Aukið öryggi með nýju vegriði við undirgöngin undir Fjarðarhraun.

Í dag er friðardagur

Í dag 21. september er hinn árlegi alþjóðlegi friðardagur Sameinuðu þjóðanna. Í ár öðlast hann þó dýpri merkingu en fyrr. Frá og með í gær, 20.

september, geta þjóðir heims staðfest sáttmála um bann við kjarnorkuvopnum sem liggur fyrir hjá Sameinuðu þjóðunum. Þetta er metnaðarfullsta tilraun sem gerð hefur verið til þess að uppræta þessa skelfilegu ógn og eitt stærsta skref sem tekið hefur verið í friðar- og öryggismálum heimsins.

122 þjóðir komu að sáttmálunum en því miður var Ísland ekki þar á meðal. Okkur gefst þó annað tækifæri nú til að staðfesta sáttmálann.

Stjórn Samfylkingarinnar í Hafnarfirði sendi frá sé ályktun þar sem hún skorar á stjórnvöld að staðfesta sáttmálann. Þar segir: „Kjarnorkuvopn eru ein skelfilegasta ógn við umhverfi jarðar og líf jarðarbúa. Eyðingarmáttur þessarar hræðilegu vöð er nægilegur til að eyða öllu lífi á jörðinni. Sá sem lætur sig varða umhverfismál, mannréttindamál og dýraverndunarmál hlýtur að krefjast þess að slík tortímingartól verði bönnuð. Það eru hreinir hagsmunir mannkynsins og umhverfisins að Ísland taki afstöðu gegn slíkum tortímingartólum. Þetta er málefni sem snertir hverja mannesku, hvert bæjarfélag og hverja þjóð jarðarinnar. Andstæðingar

slíks banns hafa borið fyrir sig hugmyndina um fælingarmátt kjarnorkuvopna, gamaldags hugsunarhátt sem gengur út á að hægt sé að tryggja frið

með ótta við kjarnorkustyrjöld. Hugmyndir um að hægt sé að byggja vináttu og traust á grunni hótanna um tortímingu eru í besta falli afkáralegar. Við teljum gríðarlega mikilvægt að við, sem herlaus, friðelskandi þjóð skorumst ekki undan ábyrgð í svo mikilvægu máli.“

Kjarnorkuvopn eru birtingarmynd á mannvönsku. Fælingarmáttur kjarnorkuvopna er líkt og að bjóða vini með sér á kaffihús og taka með sér hlaðið skotvopn og ætlast til að hægt sé að byggja vináttu á slíkum grunni.

Ég trúi að baráttan fyrir friði eigi sér tvær hliðar. Annarsvegar þurfum við að framkvæma fyrir frið. T.d. mótmæla óréttlæti og þrýsta á stjórnvöld að taka afstöðu gegn kjarnorkuvopnum. Hins vegar fer baráttan fram í hjörtum okkar. Þar þurfum við að hafna hatri og finna kærleika í garð samferðarmanna okkar. Þetta tvennt helst í hendur. Ef við sem þjóð tökum hugrakka afstöðu gegn kjarnorkuvopnum þá um leið sigrum við innri baráttuna, þá erum við að hafna hatri.

Höfundur er rithöfundur og vara-bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar.



Eyrún Ósk Jónsdóttir

Í Bike Cave færðu ljúffengan fiskrétt dagsins í hádeginu alla virka daga. Uppáhellt kaffi fylgir með! fyrir aðeins 1.795 krónur

BIKE CAVE



Sjáumst!

Hafnarborg, Hafnarfirði • Opið alla daga kl. 9-22
www.bikecave.is • sími 571 3144 • Erum á Facebook



EINGÖNGU SÉRVALIÐ HRÁEFNI

PREMIUM PIZZUR

Premium pizzur Domino's verða til þegar pizzubakararnir okkar fara fram úr sjálfum sér, í jákvæðum skilningi, svo úr verða framúrskarandi pizzur. Við fengum listakokkinn Hrefnu Sætran til samstarfs og hún töfraði fram tvær af Premium pizzum okkar, Americana og Prima. Prófaðu Premium pizzurnar okkar, þær gera góðan matseðil okkar enn fjölbreyttari.

AMERICANA

Laukur, rauðlaukur, hægeldað kryddlegið svínakjöt (pulled pork), beikonkurl og cheddarostur, toppuð með BBQ sósu.

Samsett af Hrefnu Sætran

MEAT DELIGHT

Úrvals beikonsneiðar, sérvalin steikar-pylsa, rjómaostur, piparostur og chiliflögur.

ELDÓRADÓ

Hvítlaukspizzubotn, hvítlauksolía í stað pizzu-sósu, rjómaostur, úrvals beikonsneiðar, pepperoni, jalapeno og chiliflögur – þessi rifur aðeins í!

PRIMA

Pepperoni, safaríkir kirsuberjatómatar, ferskur mozzarella, úrvals beikonsneiðar, basilpestó og svartur pipar.

Samsett af Hrefnu Sætran



Domino's®

www.dominos.is · Domino's app · sími 58 12345

SMÁAUGLÝSINGAR

atvinna

Bókari.

Fyrirtæki í Hafnarfirði vantar bókara. Erum með DK í vistun. Upplýsingar gefur Eyjólfur í síma 864 4755 eða bjarg2@internet.is

til sölu

Nytjamaarkaður að Eyrartröð 5.

Föstudaga, laugardaga og sunnudaga. Opið kl. 13-18

þjónusta

Garðsláttur í einum grænum.

Tek að mér garðslátt og önnur smáverk. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

Bílaþríf. Kem og sæki. Bón verndar bílinn. Úrvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara. Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 sigill@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

gefins

Ónotaðir matardiskar fást gefins.

6 stærri og 6 minni. Uppl. í s.565 4546 og á Móabardi 16b..

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.

Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

Á DÖFINNI

Hafnarborg

Tvær sýningar standa nú yfir í Hafnarborg. Það eru sýningararnar „Málverk – ekki miðill“ í aðalsal safnsins og sýningin „Erindi“ í Sverrissal.

Álfahátíð í Hellisgerði

Fjölskylduhátíðin Álfahátíð í Hellisgerði verður haldin á laugardaginn kl. 14-17.

Bæjarbíó

Papar, þið munið hann Jónas verður í Bæjarbíói föstudag og laugardag. Þar flytja þeir lög við texta eftir Jónas Árnason.

Eftirherman og orignalinn, Jóhannes Kristjánsson og Guðni Ágústsson f.v. ráðherra skemmta á laugardaginn. Miðasala er á tix.is

Konukvöld í miðbænum


Á morgun föstudag kl. 16-21 verður konukvöld í miðbæ Hafnarfjarðar með fjölmörgum uppákomum. Fyrirtæki verða með tilboð og uppákomur. Sjá nánari dagskrá á Facebook síðunni Konukvöld í Strandgötunni í Hafnarfirði.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Er að komast jafnvægi á húsnæðismarkaðinn?

Síðastliðin ár hefur byggst upp uppsöfnuð þörf fyrir íbúðarhúsnæði sem hefur leitt af sér umtalsverða hækkun á húsnæðisverði. Ákveðin

hálfarið séu búnar í bili en um rólegar hækkunar verði að ræða fram til ársins 2019. Eignum er að fjölga á söluskrá, meira af nýbyggingum að koma inn og fleira fólk er farið að hreyfa sig á markaðnum.



Inga Dóra Ingadóttir

markaðnum sem dró smám saman úr þegar liða tók á sumarið. Svo virðist sem að hægjast sé á markaðnum og betra jafnvægi að nást, sem teljast verður jákvætt, því fólk getur aðeins farið að anda rólegar. Ekki verður eins mikil hætta á að þær eignir sem það hefur hug á að kaupa verði samdægurs hrífsaðar af þeim með yfirboði. Húsnæðisumhverfið fer að verða kunnuglegt á nýjan leik. Íbúðir staldra aðeins lengur við á markaðnum og kaupendur geta gefið sér betri tíma til að hugleiða sín íbúðarkaup.

Í viðtali Sigmundar Emis Rúnarssonar við Konráð Guðjónsson hagfræðing hjá greiningardeild Arion banka, þann 30. ágúst sl., talar sá síðarnefndi um að þessar hröðu hækkunar á húsnæðisverði sem áttu sér stað síðasta

þá vikur að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Hafnarfirði. Nú hefur 1. áfanga Skarðshlíðar þegar verið ráðstafað og lóðum verið úthlutað. Í þeim áfanga er gert ráð fyrir fjölbýlum af ýmsum stærðum og gerðum. Fróðlegt verður að sjá hversu hátt hlutfall íbúðanna fer í almenna sölu annars vegar og í leigu hins vegar.

Því verður gaman að fylgjast með uppbyggingunni í Skarðshlíð og sjá hvernig byggingaraðilar þar meta markaðsþörfina. Eg myndi vilja sjá í þeim áfanga íbúðir sniðnar að stækkandi fjölskyldum. Íbúðir sem eru byggðar á hagkvæman hátt, sem endurspeglast síðan í þannig íbúðarverði að unga fólk þótt okkar sjái sér fært að standa straum af þeim kostnaði sem íbúðar-

kaupnum fylgir. Þó að jákvætt sé að fjölbreytt úrval af leiguíbúðum sé til staðar þá er leigumarkaðurinn orðinn þannig að erfitt er fyrir lág- og meðaltekjufólk sem á annað borð er komið inn í leigukerfið að komast út á hinn almenna húsnæðismarkað.

Í skýrslu sem Reykjavík Economics gerði fyrir Íslandsbanka kemur fram að fyrstu kaupendum fjölgaði mikið á árinu 2016 og á fyrsta ársfjórðungi 2017. Hættan er þó sú að við misum fyrstu kaupendur af markaðnum ef íbúðarverð fer að síga fram úr kaupmætti eins og það gerði árið 2005. Því er mikilvægt að markaðsaðilar ígrundi vel sín viðskipti, því enn eru tækifæri á íbúðarmarkaðnum, þó fylgjast þurfi vel með verðþróuninni. Markaðurinn kall- ar á ódýrari íbúðir fyrir fyrstu kaupendur svo að þeir geti mögulega haft val um það hvort þeir fjárfesti í eign á hinum almenna húsnæðismarkaði eða velji frekar leigumarkaðinn.

Höfundur starfar við fasteignasölu og er í námi til löggildingar fasteignasala.

Álfahátíð

Fjölskylduhátíð á laugardaginn kl. 14-17

Fjölskylduhátíðin Álfahátíð verður haldin í Hellisgerði, Hafnarfirði á laugardaginn kl. 14-17 en hún er til styrktar Hugarafli.

Hvatinn að því að halda hátíðina er tilkominn vegna umræðunnar og fréttu um geðheilbrigði í þjóðfélaginu undanfarnar vikur.

„Við viljum með þessu vekja athygli á geðheilbrigði og velliðan barna og unglinga,“ segir Tinna Bessadóttir í Litlu Álfabúðinni í Hellisgerði. „Boðið verður upp á uppbyggjandi dagskrá með velliðan barna að leiðarljósi, m.a. barnanuð og barnaheilun. Starfsemi Hugarafli verður kynnt meðan á skemmtuninni stendur.“

Fjölmargir skemmtikraftar hafa boðað komu sína, Benedikt Búálfur, Húlladúlla, trúðurinn Singó og Solla stírða og Siggi sæti úr Latabæ. Hljómsveitin Ylja spilar fyrir gesti.

Aðgangur er ókeypis en fjárfloflunin fer fram í sölu veitinga og varnings.



Húlladúlla sýnir listir.



Álfaganga verður um garðinn með Sigurbjörgu Karlsdóttur sagnakonunni. 1000 kr. á mann.

Álfasögustund fyrir börnin þar sem sagan af Gunnhildi og Glóa eftir Guðrúnu Helgadóttur verður lesin.

Álfaleit verður fyrir börnin um garðinn og glæsilegir vinningar verða í boði frá Hidden People Iceland og Litlu Álfabúðinni.

Benedikt Búálfur kemur frá Álfheimum og skemmtir Hljómsveitin Ylja spilar Siggi sæti og Solla stírða koma frá Latabæ og syngja

Húlladúlla verður á svæðinu og kennir börnum sirkuslistir

Túðurinn Singó skemmtir Andlitsmálun fyrir börn

Tásunudd fyrir litlar þreyttar tær

Svava frá Tveimur Stjörnum verður með og kynnir heilun fyrir börn

Útsendarar frá Hugarafli kynna starfsemi félagsins

Fólk er hvatt til að klæða sig eftir veðri og nýta bílastæðin í miðbænum.

Kajakræðarar keppa og sýna björgun

Sviði, félag kajakræðarar á Álfanesi og Siglingaklúbburinn Þyrtur standa fyrir róðrakeppni á kajökum frá aðstöðu Sviða á Álfanesi kl. 10 á laugardaginn.

Róid verður meðfram ströndinni inn í Hafnarfjarðarhöfn þar sem hópurinn rær meðfram Fjardargötunni og lýkur keppninni við aðstöðu Þyts.

Þeir sem eru byrjendur fá 10 mínútna forskot í upphafi keppninnar. Áætluð koma í Hafnarfjarðarhöfn er upp úr kl. 11.



Kajakræðarar í Sviða á Álfanesi horfa til Hafnarfjarðar.

Eftir keppnina munu félagar sýna félagsbjörgun og ýmsar veltur að grænlenstum sið.

Þeir sem hafa áhuga á að sjá ræðarana koma í mark og sýningu þeirra á eftir ættu að koma niður á garðinn út frá Drafnarslippnum.

ÚTSALA
15-50%
afsláttur af
umgjörðum

MJÓDDIN
S: 587 2123

FJÖRÐUR
S: 555 4789

augastaður
Gleraugnaverslunin þín

ÍÞRÓTTIR

Fótbolti:

21. sept. kl. 16.30, Fjölnisvöllur
Fjölnir - FH, úrvalsdeild karla

23. sept. kl. 14, Kópavogi
FH - Valur, úrvalsdeild kvenna

23. sept. kl. 14, Selfoss
Selfoss - Haukar, 1. deild karla

23. sept. kl. 16, KR völlum
KR - Haukar, úrvalsdeild kvenna

24. sept. kl. 14, Ólafsvíkuvöllur
Vikingur Ó., - FH, úrvalsdeild karla

ÚRSLIT KVENNA:

ÚRSLIT KARLA:

FH - ÍBV: 2-1

Haukar - Fylkir: 0-6
Vikingur R. - FH: 2-4

Handbolti:

23. sept. kl. 16, Kópavogi
FH - Fram U, 1. deild kvenna

24. sept. kl. 18, Ásvellir
Haukar - Stjarnan, úrvalsd. kvenna

25. sept. kl. 20, Ásvellir
Haukar - FH, úrvalsdeild karla

ÚRSLIT KVENNA:

Gróttu - Haukar: 23-20
Fylkir - FH: 16-17

ÚRSLIT KARLA:

FH - Afturelding: 32-30
Haukar - ÍBV: 29-23
Fram - FH: 26-43



Lýsm.: Guðni Grönlund

LAUS STÖRF Í FJARÐARKAUPUM

Ert þú á þessum „besta aldri“?

Fjarðarkaup óska eftir fólki til afgreiðslu á kassa, í kjötvinnslu, kjötbord og grænmeti og við getum vel hugsað okkur að ráða fólk á svokölluðum „besta aldri“ sem hefur margvíslega reynslu, til dæmis af eldamennsku og vandaðri meðhöndlun matvæa í vinnu eða heima fyrir.

Nánari upplýsingar í síma 555 3500
eða upplýsingar@fjardarkaup.is



ØLSTOFA

HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hóp.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.

**ØLSTOFA**

HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

Handbolti**Hafnar-
fjarðar-
slagur**

Haukar taka á móti FH-ingum í þriðju umferð Íslands-mótsins í handbolta karla á mánudaginn á Ásvöllum. Hefst leikurinn kl. 20.



Bæði liðin hafa farið vel af stað, unnið báða sína leiki og verður örugglega hart barist á Ásvöllum. Þetta er leikur sem handboltaáhugafólk lætur ekki fram hjá sér fara.

Tíu ára skokkhópur Hauka

Hlauparar víða að samglöddust með Haukunum og hlupu að Bessastöðum



Hluti þeirra sem hljóp í tilefni 10 ára afmælis Skokkhóps Hauka, fyrir utan Bessastaðakirkju

Þann 15. september var almenningssíðróttaeild stofnuð innan Hauka. Deildinni var ætlað að vera sameiginlegur vettvangur ýmissa hóp sem starfa innan félagsins en eiga sér ekki stað í hinum hefðbundnu deildum; gönguhópa, leikfimiþópa, veiði- og spilaklúbba, matar- og saumaklúbba.

Sigríður Kristjánsdóttir var kjörin fyrsti formaður deildarinnar og gegndi hún því starfi allt þar til núverandi formaður, Anton Magnússon tók við. Helsta starfsemi deildarinnar hefur verið Skokkhópur Hauka sem fljótt varð einn stærsti skokkhópur landsins.

Auk ánægjunnar af því að hlaupa saman hafa félagar hópsins farið í mörg



Eysteinn Hafberg elsti félaginn í Skokkhópi Hauka er 77 ára og eldhress. Hér er hann t.h. í hópi félaga í Hlaupahópi FH við Alftanesveginn sl. laugardag.



Hér má sjá hluta af Skokkhópi Hauka í lok ágúst 2009.

keppnishlaup, hér heima og erlendis, glaðst og skemmt sér í samskokki með félögum úr öðrum hlaupahópum en ekki má gleyma Hvítasunnuhlaupinu sem hópurinn setti á laggimar þar sem hlaupið er um uppland Hafnarfjarðar en það hlaup hefur notið mikilla vinsælda.

Tíu ára afmælinu var fagnað s.l. laugardag með samskokki félaga úr ýmsum hlaupahópum en að sjálfsögðu voru nágrannarnir úr Hlaupahópi FH fyrirferðamiklir enda þessir hópar með öflugustu hlaupahópum landsins.

Uppákoma í ríkisstjórnarsamstarfinu varð til þess að forseti Íslands og hlauparinn Guðni Th. Jóhannesson gat ekki heilsað upp á hópinn eins og til stóð svo eftir myndatöku við Bessastaðakirkju var haldið til baka að Ásvöllum þar sem afmælisterta beið hlauparanna.

Ert þú í fasteignahugleiðingum?

Við leggjum áherslu á fagmennsku, heiðarleika og vandvirkni sem er lykilatriði við söluferli fasteigna

Frítt söluverðmat - Fagljósmýndun



FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

Inga Dóra Ingvadóttir

Sölufulltrúi, í námi til löggildingar fasteignasala

Hringdu í síma 512 3406**Guðbergur Guðbergsson**

Löggiltur fasteignasali